

SAMNINGUR

UM FJÁRHÆÐ OG UPPGJÖR EIGNARNÁMSBÓTA

Hafnarfjarðarbær, 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði sem eignarnemi og Skógrækt ríkisins, kt. 590269-3449, Miðvangi 2-4, Egilsstöðum sem eignarnámspoli gera með sér eftirfarandi samkomulag um eignarnámsbætur vegna eignarnáms á landspildu úr Kapelluhrauni og uppgjör þeirra svo sem hér nánar greinir:

1. gr.

Hafnarfjarðarbæjar og Skógræktar ríkisins gerðu þann 22. apríl 2008 samning sem laut að fyrirhuguðu eignarnámi á 160.110 fermetra spildu úr landi Skógræktar ríkisins í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi hafði land þetta verið skipulagt undir byggingalóðir og voru framkvæmdir við gatnagerð og lagnir þegar hafnar. Með samningnum taldist Skógrækt ríkisins hafa afhent Hafnarfjarðarbæ umrædda landspildu í samræmi við 14. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Að öðru leyti sagði að um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta skyldi fara samkvæmt lögum nr. 11/1973 og 72. gr. Stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944.

2. gr.

Þann 4. febrúar 2009 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar dags. 19. janúar 2009, eignarnám á landspildu úr Kapelluhrauni á grundvelli heimildar í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 73/1997 með svofelldri bókun:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir með vísan til samnings milli Hafnarfjarðarbæjar og Skógræktar ríkisins dags. 22.4.2008 að taka eignarnámi hluta af landi Skógræktar ríkisins í Kapelluhrauni í Hafnarfirði sem hefur verið deiliskipulagt fyrir byggingalóðir. Nánar er um að ræða 160.110 fermetra lands sem afmarkast á uppdrætti sem fylgir nefndum samningi með hnitum; Nr. 1 x, 354463, y, 395654 Nr. 2 x, 354233.662 Nr. 3 x, 353618.320, y, 395524.123 Nr. 4 x, 353663.755, y, 395386.937“.


3. gr.

Með beiðni Hafnarfjarðarbæjar dags. 14. mars 2009 var óskað eftir að Matsnefnd eignarnámsbóta úrskurðaði um eignarnámsbætur vegna eignarnámsinnar landspildu sbr. 2. gr. Aðild að matsmálinu áttu Hafnarfjarðarbær sem eignarnemi Skógrækt ríkisins sem eignarnámspoli.

Matsnefnd eignarnámsbóta kvað þann 23. október 2009 upp úrskurð í málinu nr. 4/2009 um að eignarnemi skyldi greiða eignarnámspola kr. 608.418.000 í eignarnámsbætur og kr. 1.200.000 í kostnað vegna reksturs matsmálsins.

Þar sem Hafnarfjarðarbær vildi ekki una niðurstöðu Matsnefndar eignarnámsbóta voru á grundvelli beiðni hans dags. 31. mars 2010 dómkvaddir tveir sérfróðir og óvilhallir matsmenn til að meta

1

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	24.2.2014
Málsnr:	0805023
Bréfal:	463

Jh. Oyl

verðmæti hins eignarnumda lands. Matsgerð var lokið í febrúar 2011 og var niðurstaða hennar að miðað við verðlag í apríl 2008 hafi markaðsverð hins eignarnumda lands verið kr. 400.275.000.

4. gr.

Þann 8. apríl 2009 gerðu Hafnarfjarðarbær og Skógrækt ríkisins samkomulag um innborganir inn á væntanlegar eignarnámsbætur sem kvað á um greiðslu kr. 30.000.000 fyrir lok maí 2009 og eftir það kr. 5.000.000 á mánuði þar til úrskurður Matsnefndar eignarnámsbóta hefði verið kveðinn upp. Eftir að úrskurðurinn lá fyrir varð samkomulag með aðilum um að mánaðarlegum innborgunum skyldi haldið áfram þar til endanleg niðurstaða hefði fengist um eignarnámsbætur annað hvort með dómi eða samningi og hafa greiðslur verið inntar af hendi til þessa dags í samræmi við það.

5. gr.

Hafnarfjarðarbær og Skógrækt ríkisins hafa náð samkomulagi um fjárhæð eignarnámsbóta og uppgjör vegna eignarnáms sem lýst er hér að framan svo sem hér nánar greinir:

- A. Eignarnámsbætur að meðtöldum kostnaði eignarnámsþola skulu vera **kr. 553.408.662**.
- B. Eignarnámsbætur miðast við október 2009 og er uppgjör aðila miðað við að frá þeim tíma reiknist á umsamdar eignarnámsbætur verðbætur samkvæmt vísitölu neysluverðs og meðalvextir verðtryggðra útlána samkvæmt Seðlabanka Íslands.
- C. Ágreiningslaust er að við undirritun samnings þessa eru eftirstöðvar umsaminna eignarnámsbóta að teknu tilliti til umsaminna verðbóta, vaxta og innborgana **kr. 398.310.954** auk áfallinna ógreiddra vaxta að fjárhæð **kr. 2.157.518**.
- D. Eftirstöðvar eignarnámsbóta samkvæmt C.lið á greiðslutímabili samkvæmt E. lið skulu vera verðtryggðar með vísitölu neysluverðs með vísitölu febrúar 2014 sem grunnvísitölu og bera meðalvexti verðtryggðra útlána samkvæmt Seðlabanka Íslands.
- E. Hafnarfjarðarbær skal greiða Skógrækt ríkisins eftirstöðvar eignarnámsbóta ásamt verðbótum og vöxtum sbr. C.lið með jöfnum mánaðarlegum greiðslum (jafngreiðslulán) þar til skuldin er að fullu greidd. Frá og með mars 2014 skal greiðsla hvers mánaðar vera **kr. 10.000.000** og skal inna hana af hendi fyrir 5. hvers mánaðar þar til skuldin er að fullu greidd. Fyrsta greiðsla samkvæmt þessum skilmálum skal greidd fyrir 5. mars 2014. Mánaðarleg greiðsla kr. 10.000.000 skal vera óbreytt út árið 2014 en frá 1. janúar 2015 hækka sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs frá febrúar 2014 til 1. janúar 2015. Mánaðargreiðslan skal með sama hætti taka breytingum 1. janúar ár hvert þar til skuldin er að fullu greidd.
- F. Greiðslur samkvæmt E. lið skulu lagðar inn á bankareikning Skógræktar ríkisins nr. 0305-26-1311 nema annað sé tilkynnt.
- G. Skógrækt ríkisins skal eftir greiðslu hvers mánaðar senda Hafnarfjarðarbæ yfirlit um stöðu skuldarinnar þar sem fram kemur sundurliðun eftirstöðva höfuðstóls, verðbóta og vaxta.


6. gr.

Með samningi þessum er lokið ágreiningi aðila um fjárhæð eignarnámsbóta vegna eignarnáms Hafnarfjarðarbæjar á 160.110 fermetra spildu úr landi Skógræktar ríkisins í Kapelluhrauni.

Verði ágreiningur um samning þennan og/eða efndir hans er heimilt að reka mál vegna hans fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur eintökum að viðstöddum vitundarvottum og fær hvor aðila eitt eintak.

Hafnarfirði, 24. febrúar 2014



Guðmundur Guðmundsson


f.h. Hafnarfjarðarbæjar




Jón Ragnason

f.h. Skógræktar ríkisins

Vottar að undirritun og rétttri dagsetningu:



Þorunn Álf kt. 240364-2209



Guðni Guðjónsson 240783-7619

Eintak Hafnarfjarðarbæjar